

	Reykjanesbær AÖG
Mött	21.08.2020
Lykill	09.05
Málsnr.	2019050297
Ábm.	HB

Til formann bæjarráðs

Sæll Friðjón

Síðustu ár hefur Ungmennafélag Njarðvíkur verið einróma sammála um framtíðaraðstöðu félagsins við Afreksbraut. Njarðvíkingar vilja kjarnastarfsemi félagsins undir eitt þak þar sem starfsmenn félagsins njóta góðs af samstarfinu hver við annan.

Í ljósi umræðunnar á síðasta bæjarstjórnarfundum (sem reyndar hafa ekki enn verið formlega kynntar félaginu) vill Ungmennafélag Njarðvíkur ítreka eftirfarandi.

Vilji Ungmennafélags Njarðvíkur um framtíðarsvæði við Afreksbraut er skýr. Einróma samstaða er um málið hjá stjórnendum félagsins.

Ungmennafélagið fagnar hugmyndum um stækkun íþróttahússins við Stapaskóla enda hverfið stórt og ekki vanþörf á uppbyggingu í Innri-Njarðvík. Framkvæmdir við Stapaskóla ættu hinsvegar ekki á neinn hátt að tengjast nú þegar samþykktri áætlun bæjaryfirvalda um framtíð Afreksbrautar og byggingar á þeim reit. Að þessu sögðu telja stjórnendur UMFN að mikilvægt sé fyrir Reykjanesbæ að byggja upp vandlega og skilgreina svæðið frá Afreksbraut að Vatnaveröld sem íþróttakjarna bæjarins. Þannig mætti byggja upp samgöngur til og frá því svæði til þess að auðvelda iðkendum og forráðamönnum þeirra lýðheilsuiðkun sem og að verja samgöngukerfi sveitarfélagsins fyrir álagi með tilheyrandi viðhaldskostnaði.


Stjórnendur innan UMFN hafa verulegar áhyggjur af því að stækkunarframkvæmdir við Stapaskóla séu til þess fallnar að auka enn á biðina við að hægt verði að sameina félagið undir einum hatti.


Áhyggjur félagsins lúta m.a. að því hvernig aðstöðuleysi knattspyrnudeildarinnar hefur verið látið óafskipt um árabíl, þar þarf að gera úrbætur strax. Stjórnendur óttast að bæjaryfirvöld muni láta sér það nægja að stækka Stapaskóla og með þeim framkvæmdum slá alfarið út af borðinu vinnu og hugmyndir við Afreksbraut sem þegar hafa komið fram og fengið opinberlega umfjöllun.

Tillaga UMFN er sú að strax verði bætt úr aðstöðuleysi knattspyrnudeildar Njarðvíkur og fjármagn sett í hönnun á íþróttahúsi við Afreksbraut, vallarhúsi og félagsaðstöðu og að opinbert samkomulag verði gert um framtíðaruppbyggingu svæðisins. Stapaskóli er nú þegar glæsileg framkvæmd hjá Reykjanesbæ og sveitarfélaginu til sóma. Framkvæmd sem yrði góð búbot í starfsemi félagsins. Enn við ítrekum þó ofangreint að félagið sér framtíðaraðstöðu sína við Afreksbraut.

Kær kveðja

  
Ólafur Eyjólfsson form UMFN

  
Kristín Örlygsdóttir form Körfuknattleiksdeildar UMFN

  
Gylfi Gylfason form Knattspyrnudeildar UMFN